

Drátt fyrir veiðibann samkvæmt 1. mgr. þessa ákvæðis veitir sjávarútvegs-
málaráðuneytið, að fengnu áliti Hafrannsóknastofnunarinnar og Fiskifélags Ís-
lands, leyfi til veiði sildar á þessu svæði til niðursuðu eða annarar vinnslu til
manneldis eða beitu. Leyfi má binda skilyrðum, sem nauðsynleg þykja.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 1. gr. laga nr. 44 5. apríl 1948 um vísinda-
lega verndun fiskimiða landgrunnsins til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til
eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsmálaráðuneytið, 22. febrúar 1968.

Eggert G. Þorsteinsson.

Gunnlaugur E. Briem.

17. febrúar 1968.

Nr. 63.

AUGLÝSING

**um staðfestingu félagsmálaráðuneytisins á byggingarsamþykkt
fyrir Kópavogskaupstað.**

Samkvæmt lögum nr. 19 20. okt. 1905, um byggingarsamþykktir, sbr. lög nr.
84 16. des. 1943, um breytingar á þeim lögum og skipulagslög nr. 19 21. maí 1964,
hefur ráðuneytið í dag staðfest byggingarsamþykkt fyrir Kópavogskaupstað.

Byggingarsamþykkt þessi er í samræmi við fyrirmynd þá, sem félagsmála-
ráðuneytið hefur staðfest og birt með auglýsingu nr. 23/1967 í B-deild Stjórnar-
tiðinda.

Félagsmálaráðuneytið, 17. febrúar 1968.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Gunnlaugur Þórðarson.

23. febrúar 1968.

Nr. 64.

AUGLÝSING

**um staðfestingu félagsmálaráðuneytisins á reglum nefnda til úthlutunar bóta
samkvæmt lögum um atvinnuleysistryggingar.**

Samkvæmt lögum nr. 29 7. apríl 1956, um atvinnuleysistryggingar, hefur ráðu-
neytið staðfest reglugerð fyrir eftirtaldar úthlutunarnefndir atvinnuleysisbóta, sbr.
auglýsingu ráðuneytisins, nr. 16, B-deild Stjórnartíðinda 7. febrúar 1957:

49. Nefnd Málarafélags Reykjavíkur. Staðfest 21. febrúar 1968.

50. Nefnd Verkalýðs- og sjómannafélags Gerðahrepps, Gullbringusýslu. Stað-
fest 21. febrúar 1968.

51. Nefnd Verzlunarmannafélags Reykjavíkur. Staðfest 21. febrúar 1968.

Félagsmálaráðuneytið, 23. febrúar 1968.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Gunnlaugur Þórðarson.